

Samantekt fundar – Landeigendur Holtavörðuheiðarlína 3

Opinn kynningarfundur fyrir landeigendur fundur nr: 1

Dagsetning: 22.11.2022

Verkefnisnúmer: 10.8.3

Fundur haldin á Laugarbakka Miðfirði

Kl: 19.30 – 21.30

Fundarritari: Erla Björg Aðalsteinsdóttir

Fjöldi þátttakenda: 31

Dagskrá:

Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi

Kynning á skipulagi samráðs

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs

Landsnet, hlutverk og markmið

Anna Sigga Lúðvíksdóttir verkefnastjóri,

Erla Björg Aðalsteinsdóttir, ráðgjafi VSÓ

Holtavörðuheiðarlína 3 – kynning á verkefninu

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Magni Þór Pálsson, Yfirmaður rannsókna á þróunar- og tæknisviði

Holtavörðuheiðarlína 3 og jarðstrengir

1. Samráðsvettvangurinn (Elín S. Óladóttir)

Farið yfir tilgang verkefnaráðsins og samráðs. Markmið Landsnets er að stuðla að aukinni sátt um framkvæmdir, þar sem heildarhagsmunir eru í fyrirrúmi. Bæta verklag og áætlanagerð við undirbúning framkvæmda. Reynslan í síðustu verkefnum hefur sýnt að verkefnaráð/samráð hefur leitt til breytinga á framkvæmd, nýrra rannsókna og nýrra viðfangsefna.

Vettvangur að ræða nýjar tillögur að verkefnum, lausnir eða hugmyndir til að gera verkefnið betra. Mikilvægt að ræða allt sem áhugi er að ræða um í tengslum við verkefnið.

Ljóst að ekki verði allir sammála eða sátt við niðurstöðu.

Aðgengi að gögnum

Öll gögn aðgengileg á heimasíðu verkefnisins, Holtavörðuheiði – Blanda

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/?documentid=a92f9384-7490-4fab-041d-08dac8d99db5>

Allar glærur og gögn sem eru kynnt á fundum verða aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins.

Ef vantar upplýsingar, gögn, skýrslur eða ábendingar um dagskrá funda hafa samband Elínu S. Óladóttur elins@landsnet.is

Næsti fundur

Stefnt að næsta fundi í janúar. Þá verður vinnustofa, þar sem fjallað er um hugmyndir um valkosti í verkefninu.

2. Landsnet, hlutverk og markmið (Sverrir Jan Norðfjörð)

Hlutverk Landsnets er þrípætt:

- Reka flutningskerfið, þ.e. raflínurnar.
- Vera kerfisstjóri, vera á vaktinni til að gæta þess að það sé jafnvægi á milli framleiðslu og notkunar á raforku
- Áætla og þróa flutningskerfið, áformum er lýst í svokallaðri kerfisáætlun.

Holtavörðuheiðarlína 3 er mikilvæg framkvæmd í 10 ára kerfisáætlun Landsnets. Byggðalínan er komin til ára sinna. Hún er að verða 50 ára. Margt hefur breyst á þessum árum.

- Stærð raforkukerfisins í dag er orðið meira en 2.500 MW.
- Byggðalínan getur flutt um 100 MW.
- Allar sviðsmyndir sem Orkustofnun skoðar um þróun raforkunotkunar, fela í sér aukningu frá ástandinu í dag.

3. Staða verkefnisins (Anna Sigga Lúðvíksdóttir og Erla Björg Aðalsteinsdóttir)

- Verkefnið felst í að byggja upp um 90 km. 220 kV byggðalínu sem tengir landshluta. Hún mun liggja á milli Holtafjarðarheiðarheiðar og Blöndu. Gert er ráð fyrir nýju tengivirki á Holtavörðuheiði. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2024.
- Markmið með framkvæmdinni er að tryggja örugga orkuafhendingu og er mikilvægur hlekkur í endurnýjun á núverandi byggðalínu.
- Á næstu mánuðum á að skoða valkosti. Við viljum því fá staðkunnugt fólk til aðstoða við að finna bestu leiðina.
- Næstu skref
- Næstu skref er að fara í valkostagreiningu í janúar. Síðan verður hafist handa við mat á umhverfisáhrifum. Gott að nota ferli mats á umhverfisáhrifum til að bera saman valkosti m.t.t. margvíslegra þátta.

4. Jarðstrengir (Magni Þór Pálsson)

- Magni fór yfir mismunandi uppbyggingu á jarðstrengjum og loftlínunum og hvað kemur í veg fyrir að hægt sé að leggja jarðstreng í háspennu kerfi eins og Holtavörðuheiðarlína 3 kemur til með að vera. (sjá glærur)

Umræður og spurningar

Sp: Hver er haflengdin á nýjum 220 kV línunum?

Svar: 300 - 350 m

Sp: Liggur fyrir staðsetningu á nýju tengivirki á Holtavörðuheiði?

Svar: ekki alveg búið að negla niður staðsetningu en komin hugmynd, sýnt á korti

Sp: Þarf að vinna umhverfismat fyrir allar línur?

Svar: Allir valkostir þurfa að fara í umhverfismat. Í umhverfismati eru valkostir bornir saman og í niðurstöðum umhverfismats kemur fram hvaða valkostur er talinn ákjósanlegastur.

Sp: Þarf að vinna vegslóða með línunum?

Svar: þarf að vinna slóða í framkvæmdum og í viðhaldi á vegum. Það eru allskonar útfærslur á aðgengi. Stundum er slóðum lokað með hliðum en stundum er slóðagerð unnin í samstarfi við aðra landnotkun á svæðinu. Þarf að útfæra í samráði við landeigendur.

Sp: Hver er rekstrartími línunnar?

Svar: samkvæmt lögum er það 50 ár.S

Sp: Hver er munurinn á valkostum?

Svar: Það er í rauninni vinnan framundan, þessi samanburður á valkostum. Munurinn liggur aðallega í vegalengd og ólíkar áskoranir á svæðunum.

Sp: Er ekki best að línan sé sem styðst?

Svar: það er vissulega kostur að hún sé styttri, bæði hvað varðar kostnað og rask. En ekki alltaf hægt gera ráð fyrir því að styðsti kostur sé besti kosturinn, það fer eftir svæðinu sem hún fer um. Ef ný lína tekur sömu stefnu og núverandi lína þá hefur það áhrif á ásynd. Á móti kemur að aðgengi er auðveldara.

Sp: Hafið þið lagt svona línur á svona svæði (Heiðalínur)

Svar: Hvert verkefni hefur sínar áskoranir en það hafa verið byggðar línur upp á heiðum.S Möstrin eru flutt eftir slóðum sem eru byggða upp. Kallar á efnistöku mögulega á svæðinu, til að draga úr efnisflutningum. Reynt að hafa umfang slóða í lágmarki og reynt að hafa stærð og þyngd vinnuvéla í lágmarki.

Landeigandi telur að D leiðin sé líklegast ákjósanlegust þar sem heiðarlínur fara yfir mjög viðkvæmt land.

Sp: Hefur ekki verið skoðað að fara með D leiðina í gegnum Svínadalinn? Þarf D leiðin að fara í tengivirkið við Blönduós?

Svar: D leiðin þarf ekki í sjálfu sér að koma við í tengivirkinu við Blönduós. Gott að fá þessar hugmyndir fram á þessu stigi.

Votlendissvæðið upp á heiðinni er mjög viðkvæmt. För eftir fjórhjól t.d. eru mörg ár á að gróa. Vegirnir þurfa þá að vera mjög góðir.

Vegir neðan úr sveit eru nú þegar takmarkaðir.

Áhyggjur af því að vegir sjást betur í landslaginu heldur en möstrin.

Sp: Hvar er Holtavörðuheiðarlína 2?

Svar: góð spurning, ekki viss hvernig þessi lína fékk nafnið. Þessi nöfn eru bara vinnuheiti enn sem komið er.

Sp: Staðan á vesturlínu?

Svar: ef það á að virkja eitthvað á Vestfjörðum þá mun það styrkja vel svæðið. En það þarf að endurnýja þá línu einn daginn.

Fundi slitið kl. 22:14.